

Fundur skólaráðs Lágafellsskóla

11. febrúar 2010

Mættir voru :

Andrea fulltrúi 10. bekkinga,

Vilborg og Arna Björk fulltrúar kennara,

Ólína fulltrúi foreldra,

Efemía og Jóhanna skólastjórar

Ritari Sólveig fulltrúi almennra starfsmanna.

1. Jóhanna lagði fram tillögu að skóladagatali 2010-2011, ath. með að hafa útskrift 10. bekkinga 1. júní, Ólína spurði um samræmingu skólanna með starfsdaga kennara, einungis einn sameiginlegur yfir þennan vetur. Skóladagatalið fer fyrir fræðslunefnd vikuna 15.-18. febrúar.
2. Skóladagatal leikskóladeildar, undirbúningstími leikskólakennara verða fjórir dagar eftir kl. 14 á föstudögum.
3. Jóhanna fór yfir fjárhagsáætlun. Fjárhagsáætlun 2009 sett fram, sett upp glærusýning og farið yfir áætlun og borið saman við rauntölur, t.d. verður dregið úr ræstingu, gistiferðir með nemendum verða eingöngu í 7. bekk Úlfliótsvatn og útskriftarferð með 10. bekkinga, dregið verður úr verkefnastjórnun, deildarstjórar taki forföll ákveðna tíma á viku. Í athugun hvort kennarar hætti alveg að vera með bekkjarkvöld, foreldrar/bekkjjarfulltrúar taki þau yfir, fá foreldra meira inn í skólastarfið, kennarar hlyntir að hætta með bekkjarkvöldin. Tillaga að breyttu kynningarkvöldi fyrir foreldra nemenda í 1. bekk, færa kynninguna yfir á morgnana með kaffi og meðlæti t.d. kl. 08-10, en halda kynningunni eins góðri og verið hefur undanfarin ár.

Skipuleggja sund- og íþróttakennslu, hámark 15 nemendur í hóp og þá þarf einungis einn kennara pr.stund.

Ef til uppsagna kemur hjá bæjarstofnunum þá eru nöfn þeirra send til mannauðstjóra í miðlægan grunn og fyrst athugað hvort þar eru einhverjir hæfir í þau störf sem losna áður en auglýst er eftir nýju fólki.

4. Verklagsreglur vegna slysa á nemendum, þar þarf að setja ákveðnari reglur heldur en eru til núna, þó er reglan að ávallt skal hringja í foreldra og biðja þau um að koma og sækja barnið og fara með til læknis/sjúkrahúss. Ef foreldrar geta ekki komið þá kalla til sjúkrabíl eða leigubíl, en ávallt fer a.m.k. einn starfsmaður með barninu, þá er spurning hver ber kostnað? Foreldri frá skóla að lækni/sjúkrahúsi, skólinn bílinn til baka að skóla með starfsmanninn.
5. Reglur vegna bekkjarkvölda, það þarf að setja ákveðnari reglur fyrir bekkjarkvöld, Jóhanna lagði fram blað með reglum og verða þær kynntar fyrir stjórn foreldrafélagsins í næstu viku, beiðni að þessar reglur fari á heimasíðu skólans þegar allt er tilbúið. Tillaga að einungis verði 2 bekkir með bekkjarkvöld á sama kvöldinu.
6. Foreldravikan framundan en hún verður ákveðin í samráði við foreldrafélagið, unglingadeild fá hlutverk fyrir vikuna, í athugun síðasta vika fyrir páska.
7. Önnur mál, engin.

Næsti fundur 25. febrúar

Fundi slitið kl. 18.00